

Fundur atvinnu- og ferðamálanefndar Bláskógabyggðar var haldinn í Aratungu miðvikudaginn 17. september 2014 kl 20:00.

Mættir: Kristinn Bjarnason, Sigurjón Sæland, Sigurlaug Angantýsdóttir, Gróa Grímsdóttir og Eyrún Margrét Stefánsdóttir

Málefni fundarins voru eftirfarandi.

1. Störf Atvinnu- og ferðamálanefndar kjörtímabilið 2014-2018 og ákvörðun fundartíma á komandi kjörtímabili.

Kristinn Bjarnason formaður nefndarinnar útnefndi Sigurjón Sæland sem varaformann. Eyrún Margrét Stefánsdóttir var skipaður fundarritari.

Næsti fundur er áætlaður fimmtudaginn 30. október, kl. 20.30. Fundarlengd skal miðast við 1,5 klst. Nefndin leggur til að hittast á 6 vikna fresti, með fyrirvara um þau verkefni sem nefndin hefur í umsjón hverju sinni.

Nefndin leggur til að haldið verði atvinnu- og ferðamálaþing í október 2015. Í undirbúningi þess skorar nefndin á sveitarstjórn að fara í greiningarvinnu á atvinnulífinu með aðstoð SASS, en slík vinna stendur öllum sveitarfélögum til boða (sbr. því sem fram kemur í fundargerð Atvinnu- og ferðamálanefndar Bláskógabyggðar 26. mars 2014). *Gerð verði úttekt á atvinnulífi sveitarfélagsins og rýnt í atvinnuþróun og tækifæri með þáttöku íbúa.* Mikilvægt er að skapa nýjum hugmyndum farveg með ráðgjöf og að réttar leiðir séu farnar og tilskilin leyfi séu til staðar.

Nefndin leggur til að tekið verði markvisst mið af þeim niðurstöðum sem verða við þá greiningarvinnu sem ráðist verður í. Einnig telur nefndin mikilvægt að fylgja eftir útkomu málþingsins haustið 2015. Þær upplýsingar og niðurstöður sem koma fram verði síðan tekið mið af í gögnum sveitarfélagsins og í því samhengi aðalskipulag Bláskógabyggðar sem er í ferli.

Nefndin leggur einnig til að Ásborg ætti að koma að amk. einum fundi á ári.

2. Vinna síðustu nefndar yfirfarin og rædd.

Þar bar helst úr bítum Þjónustudagatalið sem kom út í þrjú skipti á síðasta kjörtímabili. Framtakið vakti mikla lukku íbúa, fyrirtækja og sumarhúsaeigenda sveitarfélagsins. Þar gafst fyrirtækjum og atvinnurekendum sveitarfélagsins kostur á að auglýsa sig og sína starfsemi. Afrakstur þjónustudagatalisins var veittur hátíðinni 2 úr tungunum, en nefndin kom einnig þeirri hátíð á laggirnar. Fjallað var um að heiðra

minningu Ármanns Kr. Einarssonar á aðlaðandi hátt. Þá var bent á að fela mætti menningarmálanefnd að skoða þetta frekar. Nefndin hélt einnig hugmyndinni um hjúkrunarheimili í Laugarási á lofti. Nú hefur Oddvitanevnd uppsveitanna fengið það verkefni að skoða þá vinnu frekar. Nefndarfulltrúum bar saman um að góð samvinna ríkti á síðasta kjörtímabili.

3. Tvær úr Tungunum.

Ákveðið var á þarsíðasta fundi undirbúningsnefndar Tvær úr tungunum um að nýta stóran hluta hagnaðar Þjónustudagatalsins í hátíðina þetta árið. Upphæðin nam um 300 þúsund krónur sem nýtt var í að greiða fyrir skemmtiatriði ofl., en nokkur fyrirtæki sameinuðust um að greiða leigu á Hoppukastala. Almennt hafa þó verið dræmar undirtektir fyrirtækja um að styrkja hátíðina undanfarin 3 ár. Menningarráð suðurlands lagði einnig til fjármagn. Hugmyndir voru uppi um að hvetja ungmennafélögin til þátttöku við undirbúning komandi hátíðar. Þá var rætt hvort auka mætti við þá dagskrá sem í boði var á síðustu hátíð, t.d. að bjóða heim. Það var gert fyrir tveimur árum en þó við litla aðsókn. Hátíðin kjarnast frekar í kringum Reykholt.

4. Bygging á hóteli í Reykholti.

Formaðurinn kynnti þau áform sem liggja fyrir um hótélbyggingu í Reykholti og samþykktir sveitarstjórnar á síðasta sveitarstjórnarfund. Nefndin tók vel í þessi áform og mun fylgjast með framvindu mála.

5. Önnur mál.

Þær hættur sem skapast í tengslum við skipulagðar Norðurljósaferðir á vegum innan sveitarfélagsins, eru nefndarmönnum og fleiri íbúum verulegt áhyggjuefni. Þá má helst nefna Þjóðgarðinn Lyngdalsheiði og almenn tviða meðfram vegum. Nefndin vill í þessu samhengi þrýsta á sveitarfélagið í viðræður við ferðapjónustufyrirtækin í að skapa meira öryggi fyrir akandi vegfarendur, í markaðssetningu slíkra ferða. Koma þarf í veg fyrir að slysin gerist með viðeigandi úrræðum. Ákveðið er að boða Ásborgu á næsta fund nefndarinnar, til þess að ræða þessi mál frekar. Ræða samvinnu ferðapjónustuaðila og einkaaðila innan sveitarfélagssins.

Einnig var rætt að halda útgáfu þjónustudagatalsins áfram og hugsanlega með breyttu sniði. Nánar rætt á næsta fundi og nefndin ráðfærir sig við Ásborgu.

Formaður vill senda fundarboð og fundargerðir á varamenn til upplýsinga.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.22.